

Fimmtudaginn 14. október 1993.

Nr. 493/1991. **Sól hf.**

(Baldur Guðlaugsson hrl.)

gegn

Sjóefnavinnslunni hf.

(Helgi V. Jónsson hrl.) og

gagnsök.

Verslunarkaup. Skaðabætur. Skuldajöfnuður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. desember 1991. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, til vara skuldajafnaðar, að fjárhæð 431.640 krónur, með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 3. desember 1989 til greiðsludags, en til þrautavara skuldajafnaðar lægri fjárhæðar að mati Hæstaréttar og dráttarvaxta eins og í aðalkröfu. Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu til Hæstaréttar með stefnu 10. janúar 1992. Hann krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Ýtarlegar yfirheyrslur fóru fram í máli þessu á bæjarþingi Reykjavíkur. Meðal þeirra, sem gáfu skýrslur, voru Guðmundur Malmquist, er var formaður stjórnar gagnáfrýjanda á þeim tíma, er hér skiptir máli, og Magnús Magnússon, sem þá var framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

Guðmundur Malmquist skýrði m. a. svo frá, er hann var spurður um kröfugerð gagnáfrýjanda í málinu: „... við vildum láta þetta bíða og gerðum ráð fyrir því að gera eitthvert samkomulag við Sól, kannski án þess að beint - og alveg án þess að viðurkenna skaðabótaábyrgð á þessu.“

Magnús Magnússon skýrði m. a. svo frá, er hann var inntur eftir því, hvers vegna gagnáfrýjandi gerði ekki reka að innheimtu umræddrar skuldar hjá aðaláfrýjanda: „...við ræddum þetta í stjórn, og það var alla vega mitt sjónarmið, að við bærum ákveðna

siðferðilega skyldu til að aðstoða Sól. Þeir höfðu orðið fyrir tjóni og við hins vegar viðurkenndum ekki skaðabótaskyldu. ... Það var hugsanagangur okkar gagnvart Sól ..., að ef Sól kæmi með skaðabótakröfu, hefðum við hafnað henni, en við myndum engu að síður hafa verið tilbúnir til að taka þátt í því tjóni sem Sól varð fyrir, ...“

Gagnáfrýjandi tók til baka það, sem eftir var í geymi hjá aðaláfrýjanda af kolsýru, sem hann hafði selt honum í byrjun ágúst 1987, er í ljós kom, að hún var ónothæf af ástæðum, sem lýst er í héraðsdómi. Telja verður líklegt, að kolsýran hafi ónýtt það magn umrædds gosdrykkjar, sem hún var notuð í, og valdið aðaláfrýjanda fjártjóni. Hann gerði ekki reka að heimtu bóta fyrir það tjón, og gagnáfrýjandi hófst ekki handa um innheimtu skuldar hjá aðaláfrýjanda vegna viðskiptanna fyrr en að rúmum tveimur árum liðnum. Þetta ásamt framburði Guðmundar Malmquist og Magnúsar Magnússonar, er að framan getur, gefur vísbendingu um, að aðaláfrýjandi hafi haft gilda ástæðu til að ætla, að greiðslu skuldarinnar myndi ekki krafist, yrði skaðabótakröfu ekki hreyft, og að gagnáfrýjanda hafi mátt vera það ljóst.

Að þessu athuguðu og með hliðsjón af atvikum að öðru leyti verður að líta svo á, að gagnáfrýjanda hafi borið að gera aðaláfrýjanda ljóst án ástæðulausrar tafar, að hann hygðist innheimta skuldina, til þess að aðaláfrýjandi ætti þess kost að tryggja sér sönnur fyrir tjóni sínu. Vegna þess dráttar, sem á þessu varð, var skuldin, að svo miklu leyti sem hún kann að hafa verið umfram tjón aðaláfrýjanda, fallin niður fyrir tómlæti, er hafist var handa um mál-sókn þessa.

Með skírskotun til þessa ber að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda í málinu.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda samtals 150.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjandi, Sól hf., á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Sjöefnavinnslunnar hf., í máli þessu.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda samtals 150.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. október 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. september sl., höfðaði Helgi V. Jónsson hrl., Suðurlandsbraut 18, Reykjavík, f. h. Sjóefnavinnslunnar hf., Reykjanesi, með stefnu, birtri 21. júní 1990, gegn Sól hf., Þverholti 19, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar, að fjárhæð 1.022.627 kr., með dráttarvöxtum, sem Seðlabanki Íslands ákveður samkvæmt 10. gr., sbr. 14. gr. laga nr. 25/1987, frá 30. ágúst 1989 til greiðsludags. Þess er jafnframt krafist, að dráttarvextir verði lagðir við höfuðstól á tólf mánaða fresti, næst 30. ágúst 1990, allt í samræmi við 12. gr. fyrrnefndra laga.

Til vara er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar, að fjárhæð 851.684 kr., auk dráttarvaxta, sem Seðlabanki Íslands ákveður samkvæmt 10. gr., sbr. 14. gr. l. nr. 25/1987, frá 31. júlí 1989 til greiðsludags. Þess er jafnframt krafist, að dráttarvextir verði lagðir við höfuðstól á tólf mánaða fresti, næst 31. júlí 1990, allt í samræmi við 12. gr. fyrrnefndra laga.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr., sbr. 12. gr. l. nr. 25/1987, að liðnum fimmtán dögum frá dómsuppsögu samkvæmt 175. gr. l. nr. 85/1936, sbr. 21. gr. l. nr. 54/1988.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu, er beri dráttarvexti skv. 10. gr., sbr. 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, frá og með 15. degi eftir dómsuppsögu.

Verði ekki fallist á sýknukröfu stefnda, er þess krafist, að til skuldajafnaðar kröfu stefnanda komi 1.425.600 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla l. nr. 25/1987 með síðari breytingum frá 1. okt. 1987 til greiðsludags eða að því marki, sem þarf til skuldajafnaðar mót stefnukröfum. Til vara er krafist skuldajafnaðar með annarri lægri fjárhæð skv. mati dómara, en með sömu vaxtaforsendum.

Leitað var um sáttir án árangurs.

Málavextir.

Árið 1987 seldi stefnandi stefnda kolsýru til gosdrykkjaframleiðslu. Aðal-krafa stefnanda er fjárhæð þriggja ógreiddra reikninga vegna viðskipta aðila á tímabilinu júní-ágúst 1987 að viðbættum dráttarvöxtum til 30. ágúst 1989. Reikningar þessir eru nr. 294, út gefinn 30. júní 1987, að fjárhæð 77.220 kr., nr. 298, út gefinn 31. júlí 1987, að fjárhæð 354.420 kr., og nr. 317, út gefinn 30. ágúst 1987, að fjárhæð 74.250 kr.

Í júlí 1987 markaðssetti stefndi nýja framleiðslu á kolsýrðum drykkjum og notaði við framleiðslu þessa kolsýru frá stefnanda. Hinn 4. ágúst 1987 fylgdi karbónilsúlfíð-gas einum farmi af kolsýru frá stefnanda. Farmur

Þessi fór annars vegar til Sanitas hf. og hins vegar til stefnda. Efni þessu fylgir, að hveralykt gýs upp, ef gasið blandast vatni. Þegar ljóst varð um þennan ágalla, tók stefnandi það, sem eftir var, til baka, og lauk þar viðskiptum aðila.

Vegna viðskipta þessara og markaðssetningar stefnda á ofangreindri framleiðslu urðu nokkur blaðaskrif, og hafa aðilar lagt fram ljósrít af blaðagreinum um málið.

Á dskj. nr. 16 er grein í Morgunblaðinu 5. september 1987, en þar segir m. a.: „Sól hf. hefur innkallað allar óseldar dósir af Sól-kóla. Að sögn Óskars Þormóðssonar sölumanns er það gert vegna þess, að drykkurinn hefur ekki líkað nógu vel, og því hefur Sól hf. hafið framleiðslu á Sól-kóla eftir nýrri uppskrift, sem líkað hefur betur. Óskar taldi, að í umferð hefðu verið nokkrir tugir þúsunda dósa, og væri þeim nú öllum ekið á hauga. Verslanir fá Sól-kóla af nýju gerðinni í skiptum fyrir gamla drykkinn. Óskar sagði, að nýja tegundin hefði verið kynnt á Veröld 87 í Laugardalshöll og fengið góðar viðtökur. Hann sagði, að fyrirtækið hefði einnig hætt sölu á sykurlausu Sól-kóla. Sú tegund hefði ekki enn verið innkölluð, en starfsmenn fyrirtækisins ynnu að nýrri uppskrift fyrir þann drykk einnig. Ekki væru uppi áform um að innkalla þriðju gostegundina frá Sól, Límó, því að hún hefði líkað vel.“

Á dskj. nr. 13 er grein í DV 8. september 1987, en þar er m. a. haft eftir Davíð Scheving Thorsteinsson forstjóra: „..... að búið væri að þróa nýtt Sól-Cola, sem væri miklu betra en það, sem fyrir var. Í ljósi þeirrar staðreyndar sagði hann, að ákveðið hefði verið að henda birgðunum af eldri gerðinni. Var þar um að ræða um 200 þúsund dósir.“

Á dskj. nr. 17 er grein í DV 9. sept. 1987, þar sem m. a. er haft eftir Davíð Scheving Thorsteinsson, framkvæmdastjóra stefnda: „Þá urðum við fyrir því slysi um verslunarmannahelgina, að brennisteinslykt var af gosinu vegna kolsýrunnar frá saltverksmiðjunni. Við hentum 80 þúsund dósum, og ég veit, að Sanitas þurfti að henda meira.“

Á dskj. 11 er grein Magnúsar Magnússonar, framkvæmdastjóra stefnanda, sem birtist í Morgunblaðinu 25. september 1987, en þar segir m. a.: „Fyrsti kolsýrufarmurinn eftir verslunarmannahelgi, sem afhentur var 4. ágúst 1987, innihélt karbónílsúlfíð (COS)gas. Gasið, þótt hættulaust sé, gerði kolsýruna óhæfa til notkunar í gosdrykki“ Síðar í sömu grein segir svo: „Okkur var tjáð hjá forráðamönnum Sólar hf., að um 80.000 dósir hefðu verið framleiddar úr umræddum farmi og óverulegt magn hefði farið út úr fyrirtækinu og það yrði strax innkallað.“

Skuldajafnaðarkrafa stefnda er reist á því, að framleiddar hafi verið um 80.000 dósir af Sólgosdrykk með notkun þeirrar kolsýru, sem afhent var í ágúst 1987. Heildsöluverð hverrar dósar hafi verið 18,76 kr. Almennur

afsláttur til stórra viðskiptaaðila sé 5%. Höfuðstóllinn sé margfeldi þessara tveggja talna að teknu tilliti til afsláttarins. Heildsöluverð þess tíma hafi verið undir framleiðslukostnaðarverði. Þessar dósir hafi verið fluttar burt og urðaðar.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Stefnandi heldur því fram, að stefndi eigi að greiða umkrafða reikninga skv. meginreglum kaupalaga nr. 39/1922. Stefnandi hafi hvorki kvartað né komið með athugasemdir til stefnanda vegna kolsýrunnar. Samkvæmt 54. gr. 1. nr. 39/1922 beri kaupanda að bera fyrir sig galla á söluvöru innan eins árs, frá því að kaup voru gerð, ef hann vill bera fyrir sig galla. Það hafi ekki verið gert, og sé því of seint að bera fyrir sig galla á söluvörunni nú.

Stefndi hafi hvorki sannað né sýnt fram á, að kolsýran hafi verið gölluð og skaðvænleg. Ekki hafi stefndi heldur sýnt fram á neitt tjón, sem hann hafi orðið fyrir.

Stefndi hafi hent framleiðslu sinni á hauga, vegna þess að drykkurinn hafi ekki líkað, sbr. fram lagðar blaðgreinar. Hér hafi verið um nýja framleiðslu á tilraunastigi að ræða. Drykkurinn hafi verið óseljanlegur, löngu áður en ætlaður galli kom í ljós, og hafi miklar birgðir verið til af honum. Ekkert bendi til þess, að ætlaður galli hafi haft áhrif á sölu stefnda eða að stefndi hafi í raun framleitt úr hinni ætluðu gölluðu kolsýru. Stefnandi hafi ekki látið efnagreina framleiðslu sína, svo að hinn ætlaði galli yrði sannaður, eða gert kröfu á hendur stefnanda vegna galla.

Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að tómlætisáhrif eigi við. Hér sé um reikninga að ræða, sem hafi fjögurra ára fyrningarfrest. Jafnframt er því mótmælt, að samkomulag hafi verið á milli aðila um, að ekki yrði krafist greiðslu vegna þessarar skuldar.

Í varakröfu stefnanda er ekki gerð krafa vegna reiknings, útg. 30. ágúst 1987, 74.250 kr.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að kolsýran, sem keypt var af stefnanda og hann krefjist endurgjalds fyrir, hafi reynst illa gölluð og haft skaðlega eiginleika, og hafi þetta haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir tilraun stefnda til markaðssetningar nýrrar framleiðslu, sem nefnd var Sól-Cola. Sölutölur framleiðslunnar hafi í upphafi verið allhár í samræmi við mikinn undirbúning. Í júlímánuði hafi selst 436.659 dósir af gosdrykkjum þessum og 11.712 flöskur í 1½ lítra stærð. Í ágústmánuði hafi salan snarfallið og hafi engin verið í september. Meira hafi borist inn í verksmiðjuna af drykkjarföngum þessum en frá henni fóru. Framleiðslunni hafi verið skilað

í stórum stíl. Ástæðan hafi verið hin skaðvænlega kolsýra, sem stefnandi framleiddi og seldi stefnda. Í henni hafi verið brennisteinseindir, sem gengu í samband við vetni og súrefni, svo að efnið Cos-gas eða karbónílsúlfíð myndaðist í drykknum. Þegar umbúðir voru opnaðar, hafi gosið af þeim hinn versti hverafnykur. Svipað hafi gerst um framleiðslu gosdrykkjaverksmiðjunnar Sanitas hf., sem einnig hafi verslað við stefnanda. Stefndi og Sanitas hf. hafi þegar hætt notkun kolsýru þessarar.

Stefnandi hafi greitt Sanitas hf. bætur fyrir tjón fyrirtækisins af þessum völdum, og hafi það þó verið minna en tjón stefnda, sem hafi orðið fyrir því, að kynning nýrrar framleiðslu kafnaði í fæðingu, en framleiðsla Sanitas hf. hafi verið þekkt og haft markaðshlutdeild í mörg ár.

Stefnandi hafi sjálfur sótt eða látið sækja leifar þeirrar kolsýru, sem hann hafði afhent, og því hafi stefnandi gengist við gallanum. Af fram lögðum blaðagreinum sé ljóst, að stefnandi hafi viðurkennt gallann.

Rétt sinn til að neita greiðslu fyrir hina gölluðu kolsýru styður stefndi við ákvæði kaupalaga nr. 39/1922 um það, er seldum hlut er áfátt, sbr. 42.-54. gr. Þá er og á því byggt, að stefnandi hafi með háttarni sínu gefið stefnda réttmæta ástæðu til að ætla, að krafa þessi yrði ekki innheimt og hún því fyrir tómlætisáhrif niður fallin.

Stefndi styður rétt sinn til skaðabóta við sjónarmið kröfuréttarins um ábyrgð á tjóni, sem sé að rekja til skaðlegra eiginleika greiðslu, en skv. þeim sjónarmiðum beri að bæta tjón, sem verði við, að menn eða munir komist í snertingu við greiðslu með slíkum eiginleikum og tjónið í sjálfu sér óháð gildi samningsins, hvort haldið er fast við hann eða honum rift. Eins beri skv. þessum sjónarmiðum að bæta tjón, þótt ekki sé fyrir að fara samhengi milli tjóns og endurgjalds eða annarra meginatriða samningsins.

Tjón stefnda af völdum hinnar menguðu kolsýru hafi orðið úr öllu samhengi við endurgjald, sem fyrir hana skyldi greiða. Samkvæmt nefndum skaðabótasjónarmiðum sé ströng ábyrgð einkum látin taka til skaðlegra eiginleika, þegar um sé að ræða iðnaðarframleiðslu og sölu, sem sé liður í almennum verslunarrekstri. Með strangri ábyrgð í þessu samhengi sé átt við hlutlæga ábyrgð, en verslunarkaup aðila málsins vörðuðu iðnaðarframleiðslu.

Niðurstaða.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu fyrir dómi þeir Davíð Scheving Thorsteinsson, framkvæmdastjóri stefnda, Rúnar Karlsson, verkstjóri hjá stefnda, Dagbjartur Björnsson, framkvæmdastjóri og fyrrverandi starfsmaður stefnda, Georg Gunnarsson, efnaverkfræðingur og fyrrverandi starfsmaður stefnda, Gunnlaugur Elisson efnifræðingur, Guðmundur

Malmquist forstjóri, Ragnar Birgisson viðskiptafræðingur, fyrrverandi framkvæmdastjóri Sanitas hf., Magnús Magnússon, fyrrverandi framkvæmdastjóri stefnanda, Brynjólfur Ingi Þórður Guðmundsson framkvæmdastjóri og Egill Þórir Einarsson, efnaverkfræðingur og fyrrverandi starfsmaður stefnanda.

Stefndi keypti af stefnanda kolsýru í júní, júlí og ágúst 1987. Viðskipti þessi eru verslunarkaup, sbr. 4. gr. l. nr. 39/1922. Varan er ógreidd.

Kolsýran, sem stefnandi seldi stefnda í ágúst 1987, var gölluð. Eftir að vitað var um gallann, tók stefnandi aftur þá kolsýru, sem þá var eftir í vörslu stefnda. Verður krafa stefnanda um greiðslu fyrir það, sem selt var í ágúst 1987, því ekki tekin til greina.

Það er ósannað, að kolsýran, sem stefnandi afhenti stefnda fyrir verslunarmannahelgina 1987, hafi verið gölluð. Þessi skoðun styðst m. a. við framburð Ragnars Birgissonar, fyrrum framkvæmdastjóra Sanitas, um breytingu, sem varð á framleiðslu Sanitas í ágúst 1987 vegna galla á kolsýrunni, og framburð Rúnars Karlssonar, verkstjóra hjá stefnda, að fyrir verslunarmannahelgina hafi framleiðslan líkað mjög vel. Það er einnig ósannað, að stefndi hafi kvartað yfir kolsýrunni, sem afhent var fyrir verslunarmannahelgina, eða tilkynnt, að ætlunin væri að bera fyrir sig galla á vörunni, sbr. 54. gr. l. nr. 39/1922. Verður krafa stefnanda um greiðslu reikninganna frá 30. júní 1987 og 31. júlí 1987 því tekin til greina, enda verður ekki á það fallist, að krafan sé niður fallin sökum tómlætis.

Þegar til þess er litið, sem fram kemur í fram lögðum blaðagreinum og blaðaviðtölum við fyrrsvarsmenn stefnda í september 1987 um ástæður þess, að þróað var nýtt Sól-Cola og ákveðið að henda birgðunum af eldri gerðinni, þá verður ekki felld bótaábyrgð á stefnanda á tjóni stefnda, vegna þess að fleygt hafi verið 80.000 dósum af gosi í ágúst 1987. Hér er og á það að líta, að ósannað er, að stefndi hafi sett fram kröfur vegna þessa fyrr en í rekstri þessa máls, sbr. 54. gr. l. nr. 39/1922.

Þegar málsatvik eru virt og litið til þess, að ósannað er, að stefnandi hafi eftir óhappið í ágúst 1987 kafið stefnda um greiðslu hinna ógreiddu reikninga fyrr en með innheimtubræfi lögmanns stefnanda, dags. 3. nóv. 1989, verður stefndi ekki dæmdur til greiðslu dráttarvaxta fyrr en frá 3. des. 1989, sbr. 3. mgr. 9. gr. l. nr. 25/1987, sbr. 4. gr. l. nr. 67/1989.

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefndi verður dæmdur til að greiða andvirði kolsýrunnar, sem afhent var í júní og júlí 1987, 431.640 kr., með dráttarvöxtum skv. III. kafla l. nr. 25/1987 frá 3. des. 1989 til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili um sig beri sinn kostnað af málinu. Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóminn.

1757

D ó m s o r ð:

Stefndi, Sól hf., greiði stefnanda, Sjóefnavinnslunni hf., 431.640 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla l. nr. 25/1987 frá 3. des. 1989 til greiðsludags. Málskostnaður fellur niður.
